

# Lausafjártrygging fyrir bændur

## Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

**SJÓVÁ**

Skilmálar nr. 218 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

### Hvers konar trygging er þetta?

Lausafjártrygging fyrir bændur sem tryggir lausafé, fóður og bústofn sem tilheyrir búrekstri.



#### Hvað er tryggt?

Tryggingin bætir tjón vegna:

- ✓ Bruna, eldingar eða sprengingar.
- ✓ Raflosts sem drepur búfénað.
- ✓ Umferðaróhapps sem veldur því að nautgripir eða sauðfé drepast og tjónið fæst ekki bætt af hálfu þess sem olli tjóninu eða úr ábyrgðartryggingu ökutækja.



#### Hvað er ekki tryggt?

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- × Rekstrartaps eða annars óbeins tjóns.
- × Brunatjóns á lausafé sem fellur undir bruna-tryggingu fasteigna.
- × Tjóns á raftækjum og rafeindatækjum af völdum skammhlaups.



#### Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin bætir ekki tjón af völdum náttúruhamfara.



#### Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í váttryggingaskírteini.



#### Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum um að það beri að gæta að hitamyndun og sjálfsíkveikju við hirðingu og geymslu fóðurs.



#### Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



## Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

---

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



## Hvernig segi ég tryggingunni upp?

---

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.